

Siglingastofnun Íslands
Steingrímur Hauksson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2003070017
1100

Reykjavík, 6. ágúst 2003
/--

Efni: Sjóvarnargarður við Kotagrandu á Seltjarnanesi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 4. júlí 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar við Kotagrandu, Seltjarnarnesbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seltjarnarnesbæjar og Umhverfisstofnunar og kynnit málið Fornleifavernd ríkisins. Umsagnir bárust frá Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 24. júlí 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags 17. júlí 2003. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 1. ágúst 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sjóvörn sé liður í að koma í veg fyrir landbrot við Kotagrandu og að sjór berist inn í Bakkatjörn. Um sé að ræða áframhald á styrkingu sjóvarnar sem gerð hafi verið árið 2002 og gert sé ráð fyrir að fyrirhuguð sjóvörn verði um 150 m að lengd og að efnismagn verði um 2.300 m³. Fram kemur að sjóvarnir á Seltjarnanesi hafi verið unnar án þess að verkkaupi útvegi námurétt en gerðar verði kröfur um gæði grjóts.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Seltjarnarnesbær telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaður sjóvarnargarður sé innan svæðis sem sé á náttúruminjaskrá (nr 122) og lagt sé til að verði friðlýst í drögum að náttúruverndaráætlun,

einkum vegna auðugs lífríkis. Sjóvörnin sé styrking eldri grjótgarðs sem sé á fjörukambinum og muni nýr garður verða á sama stað. Auðvelt sé að komast að svæðinu með efni og tæki. Umhverfisstofnun telji því ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa veruleg áhrif á það svæði sem sé á náttúruminjaskrá, enda sé mikilvægasta svæðið neðan stórstraumsflóðamarka og með hliðsjón af því ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða styrkingu sjóvarnar á um 150 m löngum kafla við Kotagranda á Seltjarnarnesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem er á náttúruminjaskrá vegna auðugs lífríkis en taka til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs en mikilvægasta svæðið með tilliti til lífríkis er neðan stórstraumsfjöruborðs.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnar við Kotagranda á Seltjarnarnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háðar framkvæmdaleyfi Seltjarnarnesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir við sjóvörn verða heimilaðar sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ásamt síðari viðbótum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. september 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Seltjarnarnesbær og Umhverfisstofnun.